

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
153. löggjafarþing 2023-2024  
Þingskjal 49 - 49 mál.



Reykjavík, 24. nóvember 2023

**Umsögn: Um leyfi til veiðar á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma.**

Dýraverndarsamband Íslands, DÍS, vill beina því til umhverfis- og samgöngunefndar alþingis og flutningsaðila þingsályktunartillögu nr. 49, um leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma, að huga skal að því að veiðar utan hefðbundins veiðitíma til að forða bændum frá tjóni vegna ágangs ofangreindra tegunda þarf að mati DÍS að vera vel ígrunduð og vönduð í útfærslu.

Eins og segir í greinargerð með þingsályktuninni þá venjast fuglarnir fljótt þeim aðferðum sem nú þegar er beitt til að fæla fuglinn úr túnum/ökrum. Því er það ósannað og óljóst hvort veiðar utan hefðbundins veiðitíma muni hafa tilsett áhrif á hegðun fugla þ.e. að þeir hætti eða minnki það að sækja í tún/akra enda þar að finna auðsótta fæðu. Einnig er óljóst þótt stofninn minnki að ágangur á tún/akra minnki. Veiðar geta leitt til hliðrunar, þ.e. að fækkun leiði til aukins svigrúms fyrir aðra fugla (sömu tegundar eða annarra tegunda) inn á þau svæði sem reynt er að verjast ágangi.

Það sem er þó ljóst með fyrrgreindu fyrirkomulagi, veiðar utan hefðbundins veiðitíma, er að þetta fyrirkomulag mun hafa áhrif á varp fugla s.s. foreldri verði drepið frá ungum. Slíkt mun geta valdið ungum þjáningu, hungri og/eða dauða. Það fer ekki saman við lög um velferð dýra, nr. 55/2013 né gott siðferði veiðfólks.

Með kveðju,

fh. stjórnar Dýraverndarsambands Íslands (DÍS)

*Linda Karen Gunnarsdóttir.*

Linda Karen Gunnarsdóttir  
formaður DÍS